


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun haustönn 2012	

Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér áhrifaþætti í uppeldi barna, s.s. listir, barnaheimspeki, fjölmiðla, íþróttir o.fl. Einnig áhrif ólíkra þroskahamlanna, áfalla og kvíðavalda í lífi barna t.d. langvarandi veikindi, sorgarferli, vanrækslu og ofbeldi. Einnig athuga nemendur lagalegan rétt barna og hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir samfélagsins sem koma að uppeldi þeirra.

Nemendur kynna sér markmið uppeldis á Íslandi og skipulagðar leiðir sem farnar eru að þessum markmiðum. Skoðuð eru markmið leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Nemendur skoða hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana.

Nemendur kanna merkingu hugtaka á borð við greind, skap, lund, óþekkt, agi, hlýðni, forvarnir o.fl. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemendum er ætlað að kynna niðurstöður sínar hver fyrir öðrum. Námsefnið er sveigjanlegt og því geta nemendur haft ráðrúm til að leggja áherslu á þá þætti sem þeir telja áhugaverðasta hverju sinni.


Markmið:

- Að nemendur kynni sér ákveðna áhrifaþætti í uppeldi, bæði jákvæða og neikvæða.
- Að nemendur kynni sér stofnanir sem hafa eftirlit og umsjón með uppeldi barna á Íslandi.
- Að nemendur öðlist innsýn í starfsemi helstu uppeldisstofnana í samfélaginu.
- Að nemendur öðlist þekkingu á réttindum barna og unglunga skv. lögum og sáttmálum sem Ísland á aðild að.
- Að nemendur þjálfist í verkefnavinnu, bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.

Námsgögn: Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 2006. Mál og menning. Kaflar: 6 – 12. Annað kennsluefni afhent í tíma...

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34	Kynning á áfanga Vangaveltur um námsþætti + nauðsynleg hugtök uppeldisfræðinnar.	Upphaf dagbókar
35 – 37	Jákvæðir áhrifaþættir á uppeldi barna og unglunga: listir, bækur, heimspeki, fjölmiðlar o.fl.	Tilraun Utanaðkomandi fyrirlestur
38 – 41	Forvarnir.	Skýrsla og veggspjald (á tölvutæku formi) Utanaðkomandi fyrirlestur
41 – 42	Réttindi og skyldur barna og unglunga – í íslenskum lögum og ákveðnum sáttmálum sem Ísland á aðild að.	Undirbúningur fyrir málþing Málþing
43	Skipulagðar leiðir samfélagsins í uppeldi. Menntastofnanir: dagmæður, leiks-, grunn-, framhalds- og háskólar og aðrar slíkar stofnanir.	Verkefni – Uppeldi í íslensku samfélagi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun haustönn 2012	

44 – 45	Neikvæðir áhrifaþættir í uppeldi barna og unglinga: áföll, kvíðavaldar, sorg, vanræksla, ofbeldi o.fl.	Utanaðkomandi fyrirlestur Upplýsingaverkefni
45	Uppskeyra	Könnun úr völdu efni
46 - 47	Fjölskyldusaga	Samvinnuverkefni
48	Úrræði samfélagsins fyrir börn og unglinga sem glíma við vandamál.	Verkefni – Úrræði samfélagsins til að mæta þörfum barna og unglinga

Með fyrirvara um breytingar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefni	Tímaverkefni: Tilraun 5%, Uppeldi í íslensku samfélagi 10%, Upplýsingaverkefni 5% og Úrræði samfélagsins 10%	30%
Dagbók	Dagbókarfærslur í hverri viku, amk. 2, um hin ýmsu málefni sem tengjast uppeldisumræðu – Skiladagur: Fimmtudagur 1. nóv 2012	10%
Samvinnuverkefni	Fjölskyldan – Skiladagur: Mánudagur 26. nóv 2012	15%
Skýrsla og veggspjald	Forvarnir - Kynning og umræða sem stjórnað er af nemendum.	15%
Málþing	Málþing um mannréttindi barna	10%
Uppskeyra	Könnun úr völdu efni.	10%
Frammistaða á önn	Ástundun og virkni.	10%

Vinnubrögð:

- Nemendum er ekki heimilt að nota farsíma í kennslustundum.
- Fartölvur nemenda eru aðeins heimilaðar til notkunar við námið sjálft.

Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni.
- Verkefni skal skila á tilsettum tíma (ekki er tekið við verkefni viku eftir tilgreindan skiladag) – einkunn lækkar við hvern dag sem fer fram yfir tilsettan skiladag.

Mæting:

- Áfanginn er símatsáfangi og því ekki lokapróf þess vegna þurfa nemendur að mæta í alla tíma.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils